



Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálar 2
850 HELLA

Garðabær, 27. janúar 2026

Málsnúmer: 202512-0015

IAS

Efni: Gunnarsholt land L164499. Nýtt deiliskipulag.

Vísað er til erindis Rangárþings ytra frá 10. desember 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnar um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Gunnarsholt, land L164499.

Framkvæmdaaðili Gbest ehf sækir um að fá að leggja fram tillögu að deiliskipulagi fyrir skógarplöntuframleiðslu. Gert er ráð fyrir framleiðslu skógarplantna í gróðurhúsum/léttum byggingum sem og utanhúss innan ræktaðra skjólbelta. Heimilað verður að byggja skemmur/gróðurhús og annan húsakost sem þarf til ræktunarinnar og einnig verður starfsmannaaðstaða til viðveru og gistingar. Starfsmenn eru að jafnaði allt að 10 en á álagstímum geta störf á svæðinu orðið allt að 60. Gert ráð fyrir að plantað verði trjám og skjólbeltum til að auka skjól og afmarka starfsemina.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og kemur með eftirfarandi ábendingar:

Eins og fram kemur í greinagerðinni með tillögunni er samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eingöngu að finna vistgerðir með lágt til miðlungs hátt verndargildi á svæðinu, þ.e. tún og akurlendi, grasmelavist, mosamóavist, hraungambravist og lúpínu. Svæðið er innan mikilvæga fuglasvæðisins Suðurlandsundirlendi og gæti það verið nýtt af mófuglategundum eins og heiðlóu og spóa.

Svæðið er ekki innan annarra verndarsvæða og þar eru hvorki vistgerðir né jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög 60/2013).

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur